

Stofnunarsamningur
Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
og
Félagsráðgjafafélags Íslands

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til félagsráðgjafa hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU), sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. Að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis.
- b. Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum HSU.
- c. Að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan HSU.

3. Starfalýsingar og röðun

3.1. Forsendur starfalýsinga byggja m.a. á skipuriti, starfslýsingu og umfangi. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verkswið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Grunnröðun

Skýringar

- | | |
|-----------|--|
| 12 | Félagsráðgjafi 1: Félagsráðgjafi á fyrsta starfsári. Vinnur almenn félagsráðgjafarstörf, greiningu og ráðgjöf undir leiðsögn reyndari félagsráðgjafa. |
| 13 | Félagsráðgjafi 2: Félagsráðgjafi eftir a.m.k. eitt ár í starfi á stofnuninni eða í faggreininni. Vinnur sjálfstætt við athuganir, mat og ráðgjöf samkvæmt skipulagi starfsstöðvar og ber ábyrgð á faglegum gæðum starfa sinna. |
| 14 | Félagsráðgjafi 3: Sinnir sama starfi og félagsráðgjafi 2. Hefur a.m.k. fjögurra ára starfsreynslu í faggreininni eða hefur verið falin umsjón með afmörkuðum verkþáttum af yfirmanni. |
| 16 | Félagsráðgjafi 4: Félagsráðgjafi sem hefur verið falin yfirumsjón með umfangsmiklum verkefnum eða starfar einn á starfsstöð, með ábyrgð á skipulagi og þróun félagsráðgjafar á starfsstöð. Hann getur haft handleiðslu annarra meðferðaraðila með höndum. Hann hefur stefnumótandi áhrif á starf og stjórnun starfsstöðvar. |

18 **Yfirfélagsráðgjafi:** Faglegur yfirmaður félagsráðgjafa á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hann hefur handleiðslu annarra meðferðaraðila með höndum.

4. Mat á einstökum þáttum

Til viðbótar þeim þáttum sem ákvarða grunnröðun, skv. 3. gr., skal meta persónubundna þætti sem gera viðkomandi félagsráðgjafa hæfari í starfi. Þannig er vinnuveitanda gefið svigrúm til að meta þætti til launa sem ekki var krafist við ráðningu starfsins. Eftirfarandi þættir skulu metnir umfram grunnröðun skv. 3. gr. sem álag á láréttum ás.

4.1. Viðbótarmenntun, reynsla og færni

Tryggja skal að áhugi og framtak starfsmanns við að afla sér endur- og símenntunar og aukinnar þekkingar leiði til launahækkunar. Hér skal einnig taka tillit til handleiðslu sem er nauðsynleg til að tryggja gæði í störfum félagsráðgjafa. Áhrif endur- og símenntunar taka mið af eftirtöldum greinum:

Eftirtaldir einstaklingsbundnir þættir eru metnir sem hér segir:

4.1.1. Viðbótarnám

Meta skal formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi.

Við lágmarksröðun bætast álagsþrep vegna viðbótarmenntunar á háskólastigi, sem ekki er gerð krafa um, sem hér segir að lágmarki:

Diploma (30 ECTS einingar)	1 þrep
Diploma (60 ECTS einingar)	2 þrep
Meistarapróf (90 - 120 einingar)	4 þrep
Doktorspróf (180 einingar)	3 launaflokkar

Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

Heimilt er að meta aðra samfellda menntun sem ekki er metin til ECTS eininga en nýtist í starfi.

4.1.2. Sérfræðiviðurkenning og áfangar að henni

1. áfangi	1 þrep
2. áfangi	1 þrep
3. áfangi	1 þrep
4. áfangi	Sérfræðileyfi 1 lfl. og 1 þrep

Ofangreindir áfangar eru skilgreindir eftirfarandi:

1. áfangi	100 fræðslustundir eða 20 ECTS einingar og 20 handleiðslutímar
2. áfangi	200 fræðslustundir eða 40 ECTS einingar og 40 handleiðslutímar
3. áfangi	300 fræðslustundir eða 60 ECTS einingar og 60 handleiðslutímar

4. áfangi Sérfræðileyfi frá Landlæknisembætti

Mest er hægt að fá 1 launaflokk og 4 þrep fyrir 4.1.2

4.2. Starfsreynsla.

- Félagráðgjafi sem starfað hefur í samtals 3 ár hækki um 1 þrep.
- Félagráðgjafi sem starfað hefur í samtals 5 ár hækki um 1 þrep.
- Félagráðgjafi sem starfað hefur í samtals 10 ár hækki um 1 þrep.
- Félagráðgjafi sem starfað hefur í 15 ár hækki um 1 þrep.

- Laun félagráðgjafa sem starfað hefur hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands í 2 ár skulu hækka um 1 lfl.

Heimilt er að meta starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan HSU.

4.3. Hækkun umfram 8 þrep á láréttum ási

Starfsmaður, sem hefur áunnið sér hækkun vegna þátta í liðum 4.1. og 4.2., umfram 8 álagsþrep, færast í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

5. Tímabundin hækkun og hæfnislaun

Heimilt er að hækka starfsmann um allt að tvö álagsþrep ef starf hans uppfyllir neðangreindar forsendur, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra við grunnröðun eða greitt fyrir með öðrum hætti.

Starfsmaður hefur umsjón með félagráðgjöf á fleiri en einni starfsstöð HSU.

Starfsmaður stýrir föstu og reglulegu samstarfi / teymisvinnu með stofnunum utan HSU.

Starfsmaður hefur umsjón með stærri viðvarandi verkefnum.

Starfsmaður stýrir, að beiðni framkvæmdastjórnar, fastanefnd á vegum HSU.

Álag þetta sætir endurskoðun, ekki sjaldnar en árlega.

6. Réttur til handleiðslu

Félagráðgjafar 3 og 4 auk yfirfélagráðgjafa sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands skulu eiga rétt á allt að átta handleiðslutímum á ári utan stofnunar og á kostnað hennar.

7. Launaviðtal

Félagráðgjafar skulu eiga rétt á launaviðtali einu sinni á ári. Í launaviðtalinu er farið yfir launaröðun starfsmannsins og skoðaðir þættir í launum hans sem gætu haft áhrif til launabreytingar. Bæði er horft til grunnröðunar og álagsgreiðslna.

8. Samstarfsnefnd og ágreiningsmál

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Samstarfsnefnd skal komið á fót við undirritun þessa samnings sem hefur það verkefni að leita lausna ágreiningsmála sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd stofnanasamnings þessa. Samstarfsnefndin skal skipuð samkvæmt gr. 11.4 í kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

9. Grundvöllur og gildistími

Samningur þessi er gerður á grundvelli kjarasamnings Félagsráðgjafafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, sbr. gr. 11.1, 11.2 og 11.3 í þeim samningi.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2022.

Selfossi, 11.04 .2022

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

F.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Fylgiskjal 1
með stofnanasamningi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands annars vegar og
Félagsráðgjafafélags Íslands hins vegar dags. 11.04.2022

Heimilt er að greiða tímabundið sérstaka umbun vegna þátta sem snúa til dæmis að fræðslu, þýðingum og útgáfu samkvæmt gildandi reglum forstöðumanns (sbr. gr. 1.3 í kjarasamningi FÍ og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs). Forsendur eru að forstöðumaður og yfirmaður viðkomandi félagsráðgjafa, hafi samþykkt verkefnið, enda fær hann ekki greiðslu fyrir sama verkefni frá öðrum aðila.

Vísindarannsóknir, birting fræðigreina á starfssviði stofnunarinnar í ritrýndum tímaritum og kynning fræðilegs efnis á ráðstefnum skal metin til launa. Það er sameiginlegur skilningur aðila að mikilvægt sé að ýta undir rannsóknarstörf, birtingu fræðilegra greina, fræðslu og að fylgst sé með nýjungum í meðferð. Við ákvörðun aukapóknunar skal hafa hliðsjón af eftirfarandi verkefnaflokkum. Full aukapóknun skal miðast við launaflokk nr. 041 í kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

Erlend fagrit (ritrýnd)

75% fyrsti höfundur, 65% annar höfundur, 50% þriðji höfundur, 5% fjórði höfundur eða síðar

Innlend fagrit (ritrýnd)

40% fyrsti höfundur, 30% annar höfundur, 20% þriðji höfundur, 5% fjórði höfundur eða síðar

Birting greina og bókakafla (ákvörðun ritstjórnar)

30% fyrsti höfundur, 25% annar höfundur, 20% þriðji höfundur, 5% fjórði höfundur eða síðar

Kynningar á ritrýndum ráðstefnum

20% veggspjald, 30% erindi

Þróun og staðfærsla fræðsluefnis, námskeiða og mælitækja:

Þróun námskeiðs 30%

Þýðing og staðfærsla mælitækja 30%

Þýðing mælitækja 15%

Fræðsla út á við fyrir hönd Heilbrigðisstofnunarinnar 10%

Með fagriti er átt við innlend og erlend vísindarit, sem birta ritgerðir og greinar einungis eftir sérfræðilega umfjöllun umsagnaraðila (ritrýnd).

Með þróun námskeiðs er átt við það t.d. þegar námskeið sem ætlað er að mæta tilteknum þörfum skjólstæðinga eða fagmanna er búið til frá grunni.

Fylgiskjal 2

Aðilar eru sammála um að við breytingu á launasetningu félagsráðgjafa með stofnanasamningi þessum þá lækki föst yfirvinna sem greidd hefur verið úr 10 klst. á mánuði í 5 klst. á mánuði miðað við fullt starf.

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að röðun samkvæmt nýjum samningi leiði ekki til lækkunar heildarlauna starfsmanns.

Undirritunarsíða

Cecilie B. H. Björgvinsdóttir

Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir

Steinunn Jóhanna Bergmann